

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 LAUGARVATN

Garðabær, 20. júní 2023  
Málsnúmer: 202305-0043  
SS/OKV/BK

### Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi fyrir Haukadal 4.

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. fyrir hönd Bláskógabyggðar, dags. 16. maí 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi fyrir Haukadal 4 í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun á deiliskipulagsreit sem ætlaður er fyrir uppbyggingu á ferðapjónustu úr 13 hekturum í 26 hektara. Uppbyggingin fer einkum fram á röskuðu svæði nálægt núverandi þjónustubyggingum nema sunnarlega á reitnum þar sem komið verður fyrir nýjum bílastæðum, bensínafgreiðslu og áhaldahúsi. Þá á eftir að klára áður samþykktu uppbyggingu íbúðarhúsa austan við Beiná. Það land í dag er að mestu óraskað og að hluta til votlendi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er með deiliskipulaginu þrengt enn meir að Beiná og nánasta umhverfi hennar sem að hluta til er votlendi og grónar grasengjar. Óheppilegt er að veitt hafi verið undanþága varðandi lágmarksfjarlægð (50 metra) frá árbakka varðandi uppbyggingu bílastæða á svæðinu. Aukin hætta er á að mengun berist í Beiná sem og truflun fyrir fuglalíf þegar bílaumferð er svo nálægt árbakkanum.

Skammt fyrir sunnan deiliskipulagssvæðið eru Almennigur, stór öröskuð votlendissvæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruvinnjaskrár. Óæskilegt er að þrengja um of að því svæði með uppbyggingu og vegagerð og huga þarf að vatnsgæðum í Almenningsá og Beiná sem í hana rennur.

Mikilvægt er að huga vel að mengunarvörnum og að forðast allt óþarfa rask á ósnortnu gróðurfari og árbakka Beinár á framkvæmdatíma.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

